Maskínukönnun

# Fylgi flokka á Alþingi

21. nóvember 2024

Maskína

## Samantekt

- Samfylkingin bætir við sig tæplega þremur prósentustigum og Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn um 1 prósentustigi hvor. Framsóknarflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn tapa rösklega 1 prósentustigi. Allar eru þessar breytingar innan skekkjumarka.
- Ekki er marktækur munur á fylgi Samfylkingarinnar og Viðreisnar.
- Marktækur munur er á fylgi Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins.
- Ekki er marktækur munur á fylgi Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.
- Miðað við þingstyrk á landsvísu myndu þingsæti skiptast á eftirfarandi hátt:
Samfylkingin 16 þingsæti, Viðreisn 15, Sjálfstæðisflokkurinn 10, Miðflokkurinn 9, Flokkur fólksins 6, Framsóknarflokkurinn 4, Sósíalistaflokkurinn 3.

### Ef kosið yrði til Alþingis í dag hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?



## Þróun á fylgi flokka



Maskína

## Ef kosið yrði til Alþingis í dag hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?

| | Fjöldi | % | Vikmörk |
|---|---|---|---|
| Samfylkinguna | 318 | 22,7% | ± 2,2 |
| Viðreisn | 293 | 20,9% | ± 2,1 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 205 | 14,6% | ± 1,9 |
| Miðflokkinn | 176 | 12,6% | ± 1,7 |
| Flokk fólksins | 123 | 8,8% | ± 1,5 |
| Framsóknarflokkinn | 83 | 5,9% | ± 1,2 |
| Sósíalistaflokkinn | 70 | 5,0% | ± 1,1 |
| Pírata | 60 | 4,3% | ± 1,1 |
| VG | 44 | 3,1% | ± 0,9 |
| Lýðræðisflokkinn | 22 | 1,6% | ± 0,6 |
| Ábyrg framtíð | 8 | 0,6% | ± 0,4 |
| Gild svör | 1.400 | 100,0% | ± 0,0 |

*Lóðréttu strikin á súlunum sýna efri og neðri mörk hvers flokks.*



Maskína

## Ef kosið yrði til Alþingis í dag hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?

| | | | Samfylkinguna | Viðreisn | Sjálfstæðisflokkinn | Miðflokkinn | Flokk fólksins | Framsóknarflokkinn | Sósíalistaflokkinn | Pírata | VG | Lýðræðisflokkinn | Ábyrg framtíð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Allir | 1.400 | 22,7% | 20,9% | 14,6% | 12,6% | 8,8% | 5,9% | 5,0% | 4,3% | 3,1% | 1,6% | 0,6% |
| **Kyn** | Karl | 738 | 21,9% | 18,3% | 17,6% | 16,3% | 7,7% | 5,7% | 5,3% | 3,1% | 2,1% | 1,7% | 0,2% |
| | Kona | 663 | 23,6% | 23,8% | 11,3% | 8,3% | 10,0% | 6,2% | 4,6% | 5,6% | 4,3% | 1,3% | 0,9% |
| **Aldur** | 18-29 ára | 337 | 25,4% | 20,3% | 13,9% | 10,7% | 8,6% | 4,8% | 6,5% | 5,0% | 1,8% | 2,6% | 0,3% |
| | 30-39 ára | 271 | 22,8% | 26,1% | 13,8% | 11,2% | 5,3% | 5,5% | 5,2% | 5,2% | 3,6% | 0,4% | 0,9% |
| | 40-49 ára | 245 | 19,9% | 24,8% | 14,5% | 12,7% | 6,5% | 7,5% | 5,4% | 4,8% | 1,9% | 1,4% | 0,6% |
| | 50-59 ára | 231 | 18,0% | 22,1% | 14,0% | 17,0% | 9,2% | 6,0% | 4,0% | 3,7% | 4,3% | 1,5% | 0,4% |
| | 60 ára og eldri | 316 | 25,3% | 13,3% | 16,7% | 12,3% | 13,4% | 6,4% | 3,5% | 2,7% | 4,3% | 1,5% | 0,7% |
| **Búseta** | Reykjavík | 509 | 28,1% | 22,9% | 12,2% | 8,7% | 6,0% | 3,5% | 8,2% | 6,0% | 3,4% | 0,7% | 0,3% |
| | Nágr.sveitarfélög Rvk. | 382 | 21,8% | 23,9% | 15,7% | 13,4% | 6,9% | 4,8% | 2,3% | 5,7% | 2,5% | 2,1% | 0,9% |
| | Vesturland og Vestfirðir | 82 | 18,6% | 22,5% | 19,6% | 13,7% | 8,7% | 7,3% | 5,3% | 1,2% | 2,8% | 0,1% | 0,3% |
| | Norðurland | 142 | 17,0% | 15,5% | 11,9% | 16,2% | 13,4% | 11,0% | 2,5% | 2,7% | 6,9% | 2,1% | 0,7% |
| | Austurland | 55 | 15,9% | 19,2% | 5,4% | 25,7% | 11,4% | 7,6% | 5,5% | 2,0% | 3,8% | 2,4% | 1,1% |
| | Suðurland og Reykjanes | 227 | 19,1% | 14,8% | 20,1% | 13,3% | 14,9% | 9,4% | 3,5% | 0,6% | 1,2% | 2,5% | 0,6% |
| **Menntun** | Grunnskólapróf | 284 | 23,0% | 12,4% | 11,5% | 20,3% | 18,2% | 4,2% | 4,1% | 3,7% | 1,2% | 1,3% | 0,2% |
| | Framhaldsskólapróf/ Iðnmennt.. | 548 | 18,6% | 22,8% | 17,1% | 13,6% | 8,6% | 6,2% | 5,1% | 3,9% | 1,6% | 1,6% | 0,9% |
| | Háskólapróf | 538 | 26,6% | 24,2% | 13,8% | 7,0% | 3,6% | 6,5% | 5,3% | 5,2% | 5,8% | 1,5% | 0,4% |
| **Heimilistekjur** | Lægri en 550 þúsund | 177 | 22,5% | 16,1% | 6,1% | 13,2% | 15,3% | 9,1% | 8,4% | 4,5% | 3,0% | 1,2% | 0,6% |
| | 550 til 799 þúsund | 165 | 23,9% | 18,6% | 12,9% | 13,3% | 13,0% | 3,6% | 7,8% | 4,3% | 2,0% | 0,4% | 0,4% |
| | 800 til 999 þúsund | 176 | 21,2% | 19,7% | 14,5% | 11,7% | 11,6% | 5,5% | 4,9% | 3,5% | 3,7% | 3,4% | 0,2% |
| | Milljón til 1.199 þúsund | 147 | 20,8% | 24,5% | 13,0% | 7,5% | 12,9% | 7,9% | 3,4% | 3,8% | 4,1% | 2,0% | 0,2% |
| | 1.200 til 1.599 þúsund | 198 | 27,7% | 20,1% | 16,7% | 10,1% | 5,8% | 3,4% | 6,1% | 4,0% | 3,8% | 2,1% | 0,2% |
| | 1.600 þúsund eða hærri | 318 | 23,1% | 28,0% | 18,0% | 14,1% | 0,9% | 5,4% | 2,9% | 3,9% | 3,0% | 0,4% | 0,3% |

*Fjöldatölur eru við hvern hóp.*

Maskína

## Markmið og framkvæmd

Könnun þessi var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu,** sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur voru alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Svör voru vegin samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar eftir kyni, aldri, búsetu og menntun, þannig að úrtakið endurspeglar þjóðina prýðilega. Við vigtun svara getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Könnunin fór fram dagana **15. til 20. nóvember 2024** og voru **1.400** svarendur sem tóku afstöðu til flokks.

Í könnunum Maskínu er þess gætt að úrtök endurspegli þjóðina m.t.t. kyns, aldursdreifingar, búsetu og menntunarstigs.
Þær upplýsingar eru birtar hér að ofan. Það er mat Maskínu að þessar niðurstöður endurspegli prýðilega fylgi flokka dagana 15. til 20. nóvember.

## Stuttar skýringar á tölfræðihugtökum í mælaborði

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

Efni skýrslunnar er bæði gagnlegt og áhugavert.
Opinber dreifing og umtal eru heimil svo lengi sem heimilda (Maskínu) er getið.
Sendu póst á maskina@maskina.is ef þú vilt vita meira.

Allur réttur áskilinn: © Maskína-rannsóknir ehf.
Maskína er skrásett vörumerki Maskína-rannsókna ehf.